

Skrá 29. Maðurinn - þættir úr Þjóðtrú

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins.

29. Spurningaskrá.

Inngangur.

Þjóðtrú er samofin menningu allra þjóða. Fjölmargt í venjum líðandi stundar er tengt henni á einhvern hátt. Sumt af því hefur fylgt þjóðinni frá upphafi byggðar í landinu, annað er e.t.v. innflutt á síðari öldum eða árum. Fyrir liggur mikill fróðleikur um íslenska þjóðtrú, en engin allsherjar könnun hefur verið á henni gerð og verður ekki gerð að gagni nema með aðstoð fróðra manna um land allt. Gildi söfnunar og rannsókna á þessu sviði liggur í augum uppi. Benda má á það m.a. að rannsókn þjóðtrúar á Norðurlöndum verður ekki unnin til hlítar nema með samanburði við íslenska þjóðtrú. Hér er saman tekin stutt spurningaskrá um manninn í þjóðtrú og ber að líta á hana sem tilraun í þá átt að kanna eldri skoðanir á þessu sviði og hve mikið af því kynni að hafa haldið velli fram á þennan dag. Forn er sú trú, að ákveðin ytri einkenni mannsins gefi bendingar um það, sem í honum býr, og í öðru lagi, að ýmis ósjálfráð viðbrögð líkamans feli í sér ákveðnar merkingar. Þjóðháttskráningin vonar, að enn sé þetta efni ekki of fjarlægt til þess, að leitað sé eftir fróðleik um það hjá fólki í öllum landshlutum. Árangurinn mun geta orðið mikilsverð hjálp í rannsóknum, sem þegar eru að nokkru hafnar.

Útlit mannsins.

Lýsið því, hvernig talið var, að hægt væri að ráða í skapgerð manns eða upplag út frá ákveðnum ytri einkennum (enni, augu, eyru, nef, spékoppar, hökuskarð o.s.frv.). Var um þetta talað í ákveðnum orðum eða orðasamböndum (skáldahrukkur, höfðingsenni, móeygur og mislyndur o.s.frv.)? Lýsið því einnig, hvernig fólk taldi sig geta ráðið af svip mannsins það, sem með honum bjó til góðs eða ills (býður af sér gott geð, ber með sér góðan þokka, gáfulegur, skuggalegur, svipljótur o.s.frv.).

Hár.

Segið frá þjótrú varðandi hárvöxt. Var því trúað, að sveipir í höfuðhári boðuðu eitthvað sérstakt? Var nokkur sérstök trú þekkt í sambandi við kollvik (hofmannavik) á höfði? Var nokkur trú þekkt í sambandi við hár á augabrúnum (loðbrýndur maður eða annað)? Hvað nefndist það, ef augabrúnir voru alveg tengdar saman með hárvexti (sambrýndur eða annað)? Var nokkur trú tengd því? Var nokkur trú tengd augnhárum (bráhárum), t.d. varðandi skyggnan mann? Hvað nefndist hárvöxtur á nefi? Var nokkur trú tengd honum? Segið frá annarri trú, sem var tengd hárvexti manna. Til eru einstakar heimildir um það, að hárvöxtur á fótum ætti að boða auðsæld og að ekkert óhreint ætti að komast að manni, sem var með loðinn kross á brjósti og baki. Kannast menn við þá trú.

Segið frá hárskurði eða klippingu hárs hjá mönnum að því, er tekur til þjóðtrúar. Var hársklipping miðuð við það, hvernig stóð á tungli? Mátti hár tveggja manna ekki blandast saman í klippingu? Hvernig var hirt um afklippur mannshárs?

Var nokkur sérstök varúð viðhöfð í sambandi við hársklippingu eða hársþvott að því, er tók til daga eða útiveru t.d.?

Hendur og fætur.

Var tekið mark á misjafnri fingralend manna, t.d. ef baugfingur eða vísifingur voru jafnlangir eða lengri en langatöng? Hvað hétu fingurnir og hvaða þulur voru til um þá? Gat lögum fingranna táknað nokkuð, t.d. hnúastærð? Kannast menn við lófalestur frá fyrri tíð, og hvernig var þá lesið í lófa? Hvað hét þá og táknaði hver lína?

Segið einnig frá merkingu þess, ef tærnar voru afbrigðilegar að lengd eða lögun, t.d ef önnur tá var lengri en stóratá. Höfðu tærnar nokkur sértök nöfn á sama hátt og fingurnir? Táknaði það nokkuð, ef menn höfðu "sundfit" milli sumra táanna?

Neglur.

Lýsið skoðunum manna varðandi neglur, meðferð þeirra og klippingu. Var nokkur trú þekkt varðandi hvíta bletti í nöglum? Var nokkur varúð viðhöfð í sambandi við naglaskurð (tungl, dagur, t.d.)? Var nokkurt vandhæfi á því, hversu hirt var um afklippur á nöglum?

Tennur.

Vita menn dæmi þess, að barn hafi fæðst með tönn eða tönnum? Nefndust þær þá einhverju sérstöku nafni? Fylgdi því einhver trú? Segið frá því, er barn fór að taka tennur. Nefndist fyrsta tönn barns eitthvað sérstakt, og fór það eftir því, hvort barnið var piltur eða stúlka? Var það venja að gefa barni eitthvað (tannfé), er það tók fyrstu tönn? Hver gaf gjöfina? Hvað var helst gefið? Segið frá varðveislu tannfés.

Segið frá varðveislu barnstanna, er börn tóku að missa þær. Hvar var þeim fyrir komið og hvernig um þær búið? Fylgdi því einhver sérstakur formáli, er búið var um barnstönn eða er frá henni var gengið, ef henni var ekki fleygt líkt og ónýtum hlut?

Segið frá nöfnum fullorðinstanna. Var með einhverjum hætti tekið mark á lögun og útliti tanna (blettir í tönnum t.d.)? Lýsið varðveislu fullorðinstanna, sem losnuðu eða dregnar voru út. Hvar var þeim fyrir komið og hvernig var um þær búið? Fylgdi nokkur fastur formáli? Greinið frá orðtökum eða málsháttum, er víkja að tönnum og notuð voru í daglegu máli.

Kunna menn vísur eða þulur um tennur?

Segið frá tannpínu og öllum tiltækum ráðum til bóta eða lækninga á henni. Sérstaklega er mikilsvert, að ekkert sé látið undan falla af því, sem telja má til gamalla, heimfenginna ráða, sem tengd voru þjóðtrú eða af öðrum rótum runnin. Voru dæmi þess, að ólærðir menn fengjust við að draga tennur úr mönnum?

Vörtur.

Segið frá skoðunum manna varðandi vörtur. Voru e.t.v. einhverjar sérstakar kenningar varðandi orsakir þeirra? Voru misjafnar skoðanir um vörtur eftir því, hvar þær voru á líkama mannsins (innan klæða, á höndum, í andliti)? Kunna menn að segja frá því, að talað hafi verið um auðnuvörtur? Lýsið öllum tiltækum alþýðuráðum til að losna við vörtur. Greinið sérstaklega frá því, ef einhver þeirra eru enn notuð. Segið einnig frá ráðum til að losna við bólu á tungu.

Hiksti.

Gerið grein fyrir áliti manna varðandi orsakir hiksta að því, er viðkemur þjóðtrú. Segið frá ráðum til að lækna eða losna við hiksta. Var um þetta talað í ákveðnum orðum eða orðasamböndum, þulu eða bæn? Hvað merkti það, ef mönnum svelgdist á?

Hnerrar.

Segið frá venjum og þjóðtrú í sambandi við hnerra. Voru ákveðin orð viðhöfð, er menn hnerruðu? Lýsið því. Hvernig var þessu háttað, er ungbarn hnerraði? Var eitthvað sagt fyrir hönd þess eða í orðastað þess? Fylgja menn enn gömlum venjum í þessu efni? Var því trúað, að hnerri boðaði eitthvað sérstakt? Lýsið því miðað við mismunandi aðstæður (yfir matborði, við verk, o.s.frv.).

Svefn, geispar.

Þótti það boða eitthvað sérstakt, er svefn og geispar sóttu á fólk utan venjulegs svefntíma?

Lýsið, hvernig þetta var t.d. tengt veðri, komum gesta eða vissum atburðum, og greinið frá orðum, sem um þetta voru notuð (rosasvefn, luntageispar, ólundargeispar o.s.frv.). Lýsið skoðunum manna varðandi rispur, sem menn fengu á sig í svefni (varðengilsrispur t.d.).

Kláði.

Gat það boðað eitthvað sérstakt, ef mann klæjaði óvörum? Lýsið því, miðað við kláðastaðinn (á höfði, í augabrúnum, í augum, á nefi, í munni, á höku t.d.). Var um þetta talað í föstum orðasamböndum, miðað við það hvar kláðabletturinn var og hvað hann boðaði? Lýsið því.

Fall.

Var það talið boða eitthvað sérstakt, ef maður hrasaði eða féll óvörum án nokkurrar sýnilegrar ástæðu? Lýsið því, miðað við mismunandi aðstæður (frá bæ, að bæ t.d.). Var um þetta farið ákveðnum orðum? Var það talið boða eitthvað sérstakt, ef eitthvað féll úr hendi manns óvörum?

Segið að lokum frá fleiri skyldum venjum eða varúðum, sem ykkur kemur í hug, en hér eru ekki upp taldar.